

Sjúkraliðadeild Vestmannaeyja.

Ársskýrsla 2009 – 2010.

Undanfarið ár hefur verið tími óvissu og aðhalds. Stærstu vinnustaðir sjúkraliða í Eyjum eru Hraunbúðir, dvalarheimili fyrir aldraða og Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Sveitarfélagið rekur Hraunbúðir og þar starfa 12 sjúkraliðar en „ríkið“ rekur Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja og þar starfa 20 sjúkraliðar. Meira aðhald er í rekstri Heilbrigðisstofnunarinnar og núna í Október 2010 er framtíð hennar óljós, sem og annara Heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni. Þetta er ekki gott ástand, en vonandi verður höggið mildað við endurskoðun fjárlaga.

Það góða við kreppuna er að hún kennir okkur að forgangsraða hlutunum. Við skiljum betur hvað fjölskylda og vinir eru dýrmætir. Lengi lifi Pollýanna.

Stefnt var að því að framhaldsnám í geðhjúkrun hæfist á þessu ári, 2010 og yrði á háskólastigi en vegna andstöðu háskóla- manna og neikvæðar umsagnar Félags Íslenskra Hjúkrunarfræðinga tókst það ekki. Nú er búið að taka háskólaeiningarnar út og hjúkrunarforstjóri Landspítalans meðal annars styður námið, er stefnt á vorönn 2011. Samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum verður námið á IV. stigi,(efsta stigi), samtals 65 framhaldsskólaeiningar (fein), sem skiptast í almenna áfanga og sérgreinar . Námið tekur 1 ár og er vistað hjá Fjölbrautarskólanum við Ármúla.

Evrópudagur sjúkraliða, 26

Nóvember, var haldin í fyrsta sinn í fyrra, 2009. Ákveðið var að velja geðheilbrigðismál í ljósi þess að verið væri að byggja upp framhaldsnám í geðhjúkrun. Vel tókst til hér í Eyjum, Sigurlaug Böðvarsdóttir og Sæbjörg

Snædal Logadóttir sáu um skipulagningu dagsins með miklum myndarbrag. Boðið var upp á fyrirlestra og tónlistaratriði í Safnaðarheimili Landakirkju. Fram komu Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfari og forstöðumaður Hlutverkaseturs, séra Kristján Björnsson sóknarprestur, Guðrún Jónsdóttir yfirfélagsráðgjafi fjölskyldu- og fræðslusviðs, Sigþóra Guðmundsdóttir forstöðumaður Rauðagerðis, Kristín Ósk Óskarsdóttir, nemi sagði frá baráttu sinni við þunglyndi, Jon Kjell og Helge Snorri Seljeseth sáu okkur svo fyrir ljúfum tónum. Við fengum frábæra mætingu og erum alsælar með fyrsta Evrópudaginn okkar.

Félagsstarf sjúkraliða hér í Eyjum var gott síðastliðið ár, góð fundarsókn og frábær mæting í „sjúkraliðalundinn“, erum við stjórnarkonur þakklátar fyrir það.

Sjúkraliðar hér sem og annars

staðar hafa verið duglegir að sækja námskeið,
í dag getum við fengið 60.000.- krónur úr
starfsmenntasjóði og 100.000.- krónur úr
starfsþróunarsjóði og er það vel.

Til hamingju sjúkraliðar með
nýja kjarasamninginn og takk kjaranefnd
fyrir þrautseigjuna, þetta hefur ekki verið
auðvelt í þessu árferði.

„ Samstaða er afl sem ekkert fær staðist „
Takk stjórnar- og trúnaðarmenn fyrir
samstarfið á árinu.

Með sjúkraliðakveðju.

Torfhildur Þórarinsdóttir, formaður.

